

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR – 24. júní 2003

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 25. fundar þriðjudaginn 24. júní 2003 kl. 17,00 í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stýrði honum. Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Blönduóssbæjar 2002 – aðalsjóður og fyrirtæki – síðari umræða.
2. Fundargerð 44. fundar bæjarráðs frá 5. júní 2003.
3. Fundargerð 45. fundar bæjarráðs frá 12. júní 2003.
4. Fundargerð 46. fundar bæjarráðs frá 19. júní 2003.
5. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 28. maí 2003.
6. Fundargerð fræðslu-, íþróttu- og æskulýðsnefndar frá 4. júní 2003.
7. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 19. júní 2003.
8. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 19. júní 2003.
9. Kosningar:
 - a) Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - b) Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - c) Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - d) Kjör 3ja aðalfulltrúa og 3ja varafulltrúa í bæjarráð Blönduóssbæjar.
10. Ákvörðun um sumarfrí bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.

Forseti óskaði eftir að upp yrði tekinn liðurinn önnur mál, fundurinn samþykkti það samhljóða.

Forseti bar upp svohljóðandi tillögu.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir að ársreikningar sveitarfélagsins séu teknir til síðari umræðu á fundi bæjarstjórnar í dag, þriðjudaginn 24. júní 2003, þrátt fyrir ákvæði í sveitarstjórnarlögum um að vika hið minnsta líði á milli umræðna samanber 21. grein laganna.” Tillagan borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Afgreiðslur dagskrár:

1. Ársreikningur Blönduóssbæjar 2002 – aðalsjóður og fyrirtæki – síðari umræða.
Að umræðu lokinni bar forseti ársreikning Blönduóssbæjar, aðalsjóðs og fyrirtækja upp í einu lagi. Reikningarnir voru samþykktir með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð 44. fundar bæjarráðs frá 5. júní 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Óskað var eftir svohljóðandi bókun. “Vegna bókunar fulltrúa D-lista á 44. fundi bæjarráðs 5. júní sl. um atvinnumál b. lið, gerum við undirrituð eftirfarandi bókun. Við þökkum bæjarstjóra góða vinnu við undirbúning og

gerð stefnumörkunar í atvinnumálum Blönduóssbæjar og lýsum fullu trausti á störf hennar.” Undir bókunina rita þau Valgarður Hilmarsson, Jóhanna G. Jónasdóttir, Hjördís Blöndal, Þórdís Hjálmarsdóttir, Valdimar Guðmannsson. Að loknum umræðum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

3. Fundargerð 45. fundar bæjarráðs frá 12. júní 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
4. Fundargerð 46. fundar bæjarráðs frá 19. júní 2003 kynnt og tekin til umræðu og afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá Valdimar Guðmannsson vegna skyldleika við málið.
5. Fundargerð jafnréttisnefndar frá 28. maí 2003 kynnt. Fundargerðin borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
6. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar frá 4. júní 2003. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina upp. Hún var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
7. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 19. júní 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
8. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 19. júní 2003 kynnt og tekin til afgreiðslu. Svohljóðandi tillaga lögð fram. “Með vísan í bókun fundar landbúnaðarnefndar Blönduóssbæjar hinn 19. júní sl. þar sem skorað er á bæjarstjórn Blönduóssbæjar um úrbætur vegagirðinga sem liggja að þjóðveginum í sveitarfélaginu, óskar bæjarstjórn hér með eftir viðræðum við Vegagerðina um málið.” Tillagan borin upp, hún var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum, svo var líka með fundargerðina hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
9. Kosningar: Fram var lagður sameiginlegur listi.
 - a) Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
Tilnefndur er Valgarður Hilmarsson af H-lista.
 - b) Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
Tilnefnd er Þórdís Hjálmarsdóttir af Á-lista.
 - c) Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
Tilnefndur er Auðunn St. Sigurðsson af D-lista.
 - d) Kjör 3ja aðalfulltrúa og 3ja varafulltrúa í bæjarráð Blönduóssbæjar.
Tilnefndir sem aðalmenn. Valdimar Guðmannsson af Á-lista, Hjördís Blöndal af H-lista og Ágúst Þór Bragason af D-lista.
Varamenn tilnefndir. Þórdís Hjálmarsdóttir af Á-lista, Jóhanna G. Jónasdóttir af H-lista og Auðunn St. Sigurðsson af D-lista.
Tilnefningarnar bornar undir atkvæði í einu lagi. Þær voru samþykktar með 7 atkvæðum samhljóða.
 - e) Á-listi tilkynnti svofellda breytingu á nefndarskipan:

Hólmfríður B. Jónsdóttir verður aðalfulltrúi í menningar- og safnanevnd í stað Bjarnheiðar Jóhannsdóttur, varamaður er Kristín Guðjónsdóttir.

Ennfremur verður Hólmfríður B. Jónsdóttir aðalfulltrúi í skipulags- og byggingarnevnd í stað Bjarnheiðar Jóhannsdóttur, varamaður er Kristján Þorbjörnsson.

- f) H-listinn tilkynnti svofellda breytingu aðalfulltrúa í Héraðsnefnd A-Hún.

Valgarður Hilmarsson verður aðalfulltrúi í Héraðsnefnd A-Hún. Varamaður er Hjördís Blöndal.

10. Ákvörðun um sumarfrí bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir að síðasti bæjarstjórnarfundur fyrir sumarfrí verði 8. júlí nk. Næsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarfrí verði 19. ágúst 2003. Bæjarráði verði falin fullnaðar afgreiðsla mála meðan sumarfrí bæjarstjórnar stendur, í samræmi við samþykktir bæjarins.”

Tillagan borin upp, hún var samþykkt með 6 atkvæðum, 1 sat hjá.

11. Önnur mál.

Drög að samningi bæjarstjórnar Blönduóssbæjar og eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Svohljóðandi tillaga lögð fram.

“Bæjarstjórn Blönduóssbæjar samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og felur bæjarstjóra og bæjarráði að ganga frá samningi við eftirlitsnefndina á næsta fundi.”

Tillagan var borin undir atkvæði. Hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19,50.

Valgarður Hilmarsson
Jóna F. Friðriksdóttir
Jóhanna G. Jónasdóttir
Vigdís Edda Guðbrandsdóttir
Hjördís Blöndal

Ragnar Ingi Tómasson
Þórdís Hjálmarsdóttir
Ágúst Þór Bragason
Valdimar Guðmannsson